

**Mál nr. 116/2021****M og  
V v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna dómsmáls er varðar vinnu M fyrir son sinn.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.3.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
2. Bréf V, dags. 8.4.2021, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M vann á árinu 2019 við framræslu á ræktunarlandi og hreinsun skurða á jörð sonar síns, A, einkum með vélavinnu. M gerði A reikning, dags. 5. júlí 2019, fyrir vinnuna sem nam 2.529.600 krónum. Sömdu M og A um að A mætti greiða skuldina með 17 mjólkurkúm. Gaf A út reikning fyrir kúnum, dags. 25. júlí 2019, og var reikningunum skuldajafnað í kjölfarið með áritun á þá. Með úrskurði héraðsdóms 11. desember 2019 var bú A tekið til gjaldþrotaskipta og höfðaði þrotabúið dómsmál á hendur M til riftunar á greiðslu þeirri sem hann fékk fyrir vinnu sína fyrir A.

M hefur krafist þess að fá málskostnað vegna málarekstursins bættan úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt skilmálum málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar þeirrar sem hér eiga við bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Meðal undanþáguákvæða frá bótaskyldu samkvæmt vátryggingunni er ákvæði þar sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.

M kveðst starfa sem kúabóndi og hafi einkum lífsviðurværi sitt af þeim rekstri. Margvísleg starfsemi fer fram á vegum bænda í tengslum við slíkan rekstur svo sem að halda jörð sinni við. Margs konar jarðvinna, þ. á m. vélavinna, er snar þáttur í tengslum við slík verk og telst óhjákvæmilegur þáttur í störfum bænda. M hafði unnið að framræslu á ræktunarlandi og hreinsun skurða á jörð A og þegið gjald fyrir. Eins og hér stóð á verður talið að ekki fari á milli mála að umrætt verk hafi verið unnið í tengslum við atvinnu M sem bónda. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálunum á M ekki rétt á að fá málskostnað sinn vegna málarekstursins bættan úr vátryggingunni.

**Niðurstaða.**

M, á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.